

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. 291/2019

Reykjavík, 9. desember 2019

Efni: Umsögn Eftirlaunasjóðs FÍA (EFÍA) við drög að frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Ofangreind frumvarpsdrög hafa að geyma veigamiklar breytingar á lögum um lífeyrissjóði og því mikilvægt að tryggja ítarlega rýni slíkra breytinga og aðkomu allra hagsmunaaðila.

Atriði í frumvarpinu sem snúa að 3,5% iðgjaldi sem er hluti af lágmarkstryggingarvernd, en samhliða er veitt heimild til að semja sig frá tryggingarverndinni og greiða í tilgreinda séreign, þarfnast nánari skoðunar enda framsetningin mjög flókin og ekki til þess gerð að gera lífeyriskerfið skiljanlegra og aðgengilegra.

Lögfesting á tilgreindri séreign

Í frumvarpinu er gerður mikill greinarmunur á tilgreindri séreign og séreign af viðbótargjaldi sem flækir lífeyriskerfið að óþörfu. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að þrengri fjárfestingarreglur gildi um tilgreinda séreign en viðbótarsparnað og útborgunarreglur eru þrengri. Utan lágmarkstryggingaverndar ættu sjóðfélagar að geta ráðstafað 3,5% af lágmarksiðgjaldi í hefðbundinn viðbótarlífeyrissparnað, kjósi þeir svo. Slík iðgjöld mætti aðgreina frá öðrum, standi vilji til þess, án þess að flækjustig lífeyriskerfisins væri aukið samhliða. Með þessari einföldun má ætla að sjóðfélagar eigi auðveldara með að taka ákvarðanir og átta sig á uppbyggingu á lífeyrissparnaði sínum á sama tíma og sveigjanleiki í ráðstöfun og útgreiðslu yrði varðveittur.

Iðgjald beint til annars vörsluaðila

Í frumvarpsdrögum er gert ráð fyrir því að heimilt sé að ráðstafa 3,5% af iðgjaldi til annars vörsluaðila en skyldubunda lífeyrissjóðs viðkomandi sjóðfélaga. Jafnframt er öllum skyldubundum lífeyrissjóðum skylt að stofna til tilgreindrar séreignar óháð því hvort lífeyrissjóðir bjóði upp á séreignadeildir eða ekki. Þá er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðum verði gert skylt að miðla iðgjaldi áfram til annarra vörsluaðila sem felur í sér kostnað sem viðkomandi sjóður getur varpað yfir á sjóðfélagann.

Í frumvarpinu er því ekki gert ráð fyrir því að sjóðfélaga sé gert heimilt að greiða beint til þess vörsluaðila sem hann sjálfur kýs til að varðveita og ávaxta iðgjald sitt. Með vísan til þessara breytinga kemur til álita hvort lagabreytingin sem skyldar til stofnun tilgreindrar séreignar og greiðslu til skyldutryggingarsjóðs feli í sér hömlur sem ekki standast samkeppnislög nr. 44/2005. Er þá ótalinn sá kostnaður sem þessi óþarfa viðkoma iðgjaldsins hefur í för með sér, möguleg áhrif á ávöxtun og aukið flækjustig. Með vísan til framangreinds þykir rétt að falla frá framangreindum skilyrðum um að 3,5% iðgjald verði fyrst greitt til skyldulífeyrissjóðs áður en iðgjaldið er flutt til annars vörsluaðila.

Skerðing á greiðslum frá TR

Samkvæmt frumvarpinu á frjáls séreign sem myndast af lágmarksiðgjaldi að skerða lífeyri almannatrygginga en ekki séreign af viðbótarsparnaði. Tilgangurinn er sá að jafna skerðingaráhrif lágmarksiðgjalds vegna lífeyris almannatrygginga. Þar sem frjáls séreign af lágmarksiðgjaldi og séreign af viðbótariðgjaldi hefur verið blandað saman hjá lífeyrissjóðum og vörsluaðilum í fortíðinni er ekki unnt að gera greinarmun á þessum sparnaði. Sjóðurinn telur rétt að koma á framfæri athugasemd um að eingöngu séreign af lágmarksiðgjaldi sem stofnað er til eftir gildistöku laganna skerði lífeyri almannatrygginga til framtíðar enda verði gerð krafa um að iðgjöldin utan um slíka séreign verði aðgreind í kerfum lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Eldri frjáls séreign af lágmarksiðgjaldi verði aftur á móti ekki látin skerða lífeyri almannatrygginga.

Gildistaka

Verði frumvarpið samþykkt er tími til aðlögunar mjög stuttur en samkvæmt frumvarpinu skulu breytingar á lögum taka gildi 1. janúar 2020. Rétt er að benda á að lífeyrissjóðir þurfa tíma til að breyta samþykktum en slíkt er ekki gert nema með auka ársfundi, þá þyrfti í kjölfarið að breyta upplýsingatæknikerfum sem jafnframt tekur tíma. Lagt er til að lagabreytingar sem snúa að útsendingu yfirlita til sjóðfélaga taki gildi 1. janúar 2020 en að aðrar lagabreytingar taki gildi í fyrsta lagi 1. janúar 2021 eftir ítarlega aðkomu allra hagsmunaðila.

F.h. Eftirlaunasjóðs FÍA

Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri EFÍA